

5. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 7. júlí 2015 og hófst hann kl. 09:00

Fundinn sátu:

Jón Hrói Finnsson formaður, Hildur Bjarnadóttir aðalmaður og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Jón Hrói Finnsson, .

Jóhannes Ingibjartsson og Laufey Jónsdóttir boðuðu forföll. Þórhallur Björnsson mætti í stað Jóhannesar.

Fyrir tekið:

1. 1410165 - Dalbraut 6 - kaup á húsnæði f. þjónustumiðstöð fyrir aldraða

Rætt um upplifun fundarmanna af heimsókn þjónustumiðstöð aldraðra í Árborgar, Árblik og Vinaminni.

Rætt um það sem í boði er í Árborg sem ekki hefur borið á góma í samráðshópnum, t.d. möguleika á billiard, eða pool borði. Einnig rætt um möguleika á þrekkækjum og göngubrautum þar sem ásókn í þreksali sveitarfélagsins í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum og þarfir eldri borgara eru aðrar en yngri iðkenda.

Fram kom í máli fulltrú FEBAN að rekstrarfyrirkomulagið á Akranesi, þar sem hluti félagsstarfsins er á hendi Akraneskaupstaðar hugnast þeim betur en rekstrarfyrirkomulagið í Árborg, þar sem félag eldri borgara sér um allt félagsstarf samkvæmt þjónustusamningi.

Í umræðum um hugsanlega áfangaskiptingu verkefnisins var rætt um það hvort mögulegt væri að byrja á neðri hæð hússins til að halda opnum möguleikum á hækkun hússins til að stækka það og bæta ásýnd þess.

Rætt um kostnaðarliði í rekstraráætlun.

Ákveðið var að Ólafur óski eftir því við Jóhannes að hann teikni tillögu að hækkun hússins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

Ólafur Guðmundsson
Þórhallur Björnsson
Hildur Bjarnadóttir
Jón Hrói Finnsson